

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2010 02-2010040985
T-ums 27/10

Alþingi
Erindi nr. P 138/1842
komudagur 29.4.2010

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga - 560. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga - 560. mál.


Frumvarpið hefur að geyma ákvæði um frjálsa og þvingaða greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga.


Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um að umsjónarmaður skuldara skuli leggja fram frumvarp til frjálsrar greiðsluaðlögunar þar sem framfærsla skuldara og fjölskyldu hans sé tryggð og að raunhæft megi telja að öðru leyti að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar. Í athugasemdum með framangreindu ákvæði kemur fram að umsjónarmaður geti tekið mið af neysluviðmiði því sem Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna hefur beitt. Að mati ríkisskattstjóri er eðlilegra að skylda umsjónarmann til að taka mið af framangreindu neysluviðmiði í stað þess að gera það valkvætt m.a. svo að samræmis sé gætt hjá þeim sem þurfa að nýta sér það úrræði sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Ákvæði 38. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að X. kafli a laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. falli brott. Í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er vísað til nefnds kafla í gjaldþrotalögum. Verði frumvarp það sem hér er veitt umsögn um að lögum telur ríkisskattstjóri rétt að vísað verði til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga í 3. tölul. 28. gr. áður nefndra laga um tekjuskatt.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir